

Ed.

## 875. Nefndarállt

um frumvarp til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar.

Frá meiri hluta bjargráðanefndar.

Enda þótt meiri hluti nefndarmanna vildi helst leggja til, að mjög mikið viðtækari fyriræli yrðu samin og samþykkt, sem lög um þetta efni, en þetta frumvarp inniheldur, vill hann þó ekki gera það að ágreiningsatriði við háttv. Nd. að svo stöddu, í þeirri von, að þetta geti þó, ef þær breytingar ná fram að ganga, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpi þessu, orðið að nokkru haldi í bráðina eða komandi vetur, ef ástandið versnar ekki mjög úr þessu. — Öll nefndin er á þeirri skoðun, að fyrirælin um lánsheimild til bæjar- og sveitarfjelaga og heimildin fyrir landsstjórnina til að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta geti komið að stórmiklu gagni, ef vel er á haldið. En henni dylst það ekki, að þetta er ekki einhlítt, og verður það og auðskilið, þegar þess er gætt, að tekjur alls almennings hafa ekki aukist neitt í líkingu við það, hversu lífsnauðsynjar hafa hækkað í verði. Um þetta má vísa til þeirra upplýsinga, sem fyrir þinginu liggja og minni hluti bjargráðanefndar háttv. Nd. hefir útvegað við rannsókn sína á dýrtíðarmálinu. Ef litið er til annara þjóða í þessu efni, þá rekur maður sig á það, að þær hafa gert þegar fyrir löngu mjög mikið til þess að jafna mismun þann, sem af dýrtíðinni skapast milli einstakra stjetta þjóðarinnar í efnalegu tilliti, og er þar nægilegt að benda á það eitt, sem Dönnum þegar í fyrra þótti nauðsynlegt að gera fyrir allan þorra almennings — auk sjerstakra ráðstafana fyrir embættis- og sýslunarmenn ríkisins (3: dýrtíðaruppbót). Auk þess að hafa alveg sjerstakt eftirlit með sölu og skiftingu á öllum helstu nauðsynjum, settu þeir lög um dýrtíðarráðstafanir í sveitar- og bæjarfjelögum. Í þeim lögum (28. des. 1916) er bæjar- og sveitarfjelögum heimilað að gera ýmsar dýrtíðarráðstafanir fyrir *efnalausar menn* (tekjur 1500—3000 kr.), svo sem úthlutun á nauðsynjavörum, eldsneyti og klæðnaði, ókeypis eða með lágu verði, eða jafnvel peningaútborganir. Ríkið endurgreiðir bæjar- og sveitarfjelögum  $\frac{2}{3}$  þessa kostnaðar, þó ekki yfir 15 kr. á íbúa. Enn fremur heimilast bæjar- og sveitarfjelögum að sjá um og setja reglur fyrir, að *allir* íbúar geti fengið nauðsynjavörur með *sanngjörnu* verði. Ríkið endurgreiðir einn þriðja þess kostnaðar. Sveitar- og bæjarfjelögin hafa heimild til að leggja á aukaskatt til þess að ná útgjöldum út af þessum ráðstöfunum og til dýrtíðaruppbótar starfsmanna, aukins ellistyrks o. fl.

Ofanritað um nefnd lög er tekið úr skýrslu til stjórnarráðsins frá Hjeðni Valdimarssyni, og segir enn fremur í skýrslu þessari:

»Lög þessi hafa verið mjög mikið notuð, en erfitt að fá skýrslur um ráðstafanir víðs vegar um landið. Sjerstaklega hafa bæjarfjelögin nytfært sjer lögin. Í »Kaupmannahöfn er veittur aukastyrkur til meðlima atvinnuleysissamlaga og sjúkra-samlaga, og einnig til þeirra, sem ekki eru meðlimir samlaganna, er þeir eru atvinnulausir eða sjúkir. Auk þess fá hjálparsjóðir styrk til manna, sem ekki eru

»á sveit, og ellistyrkur er hækkaður. Fjölskylda með börnum, sem ekki eru 3 ára »gömul, fá afsláttarseðla á mjólkurkaupum, 8 aur. á  $\frac{1}{2}$  líter, ef heimilisfaðirinn »hefir undir 1950 kr. í árstekjur. Enn fremur fá sjúklingar afsláttarseðla á mjólk. »Sjerhver maður eða kona, sem á börn undir 14 ára aldri, fjekk mánuðina nóv- »ember—mars 5 kr. dýrtíðarstyrk á barn, ef árstekjur mannsins voru undir 1950 »kr. Allir, sem höfðu minna en 3000 kr. árstekjur, gátu fengið koks með niður- »settu verði síðastliðinn vetur. Auk þess er sett hámarksverð á mjög margar vör- »ur eða gerðir samningar um verð við kaupmenn og verksmiðjur. Færast allar »þessar ráðstafanir mjög í vöxt. Loks má geta almennings-eldhúsanna, sem eru »nú í flestum stærri bæjum og búist er við að haldist eftir ófriðinn. Í Kaupmanna- »höfn sendir eldhúsið matinn til alþýðuskólanna, og geta allir bæjarbúar keypt »hann þar á 40 aura, tvo heita rjetti, en sjálfir verða menn að hafa ílát með »undir matinn. Matinn panta menn 2 dögum áður. Verðið er sett svo lágt, að »einungis kostnaðurinn við tilbúning og efnið í matinn endurgreiðist, en yfirstjórn- »in og flutningur út í skólana greiðist úr bæjarsjóði. Væri því hægt að selja mat- »inn úr eldhúsinu, mundi salan næstum svara kostnaði. — Að endingu skal þess »getið, að fátæk skólabörn fá mat í skólunum ókeypis, og upp á síðkastið hafa »fátæk — ekki skólaskyld — börn einnig fengið þar ókeypis mat.

»Hugsunin, sem liggur að baki þessara ráðstafana í sveitar- og bæjarfje- »lögum, er sú, að ríkið verði að bera mikinn skerf af verðhækkuninni við dýr- »tíðina ásamt sveitar- og bæjarfjelögum. Láti hið opinbera dýrtíðina afskiftalaus, »skapist fámenn auðmannastjett í landinu, en allan almenning skorti hið nauð- »synlegasta, og miðlungsstjettin verði að öreigum. Þó að reynt sje að veita mönn- »um atvinnu af opinberu fje, þá sje ekki hægt að gera það í nógu stórum stíl, »enda mundu það einungis verða verkamenn, sem nytu góðs af, ef ríkið yrði ekki »jafnaðarmannaríki þegar í stað. Sje þó eðlilegast, að hið opinbera beri hluta af »hallanum á þjóðarbúskapnum á þennan hátt. Afleiðingar dýrtíðarinnar skiftist »þá milli nútímans, með skattaálögum á stórgróðamenn, og framtíðarinnar, með »því að ríkið safni skuldum«.

Enda þótt nefndinni sje ljóst, að hjer er engu minni dýrtíð heldur en í Danmörku, sjer hún sjer ekki fært nú að leggja til, að slík heimildarlög sjeu gefin út sem þessi, er nefnd voru, enda ætti lánsheimildin í 1. gr. að geta orðið að stórmiklu gagni. Einkum getur nefndin ekki komið með slíkt frumvarp nú, af því að málið var alls óundirbúið af stjórninni, sjerstaklega að því er snertir það, hvernig ætti að ná því fje inn, sem til þess þyrfti að standast kostnaðinn við framkvæmd þeirra, svo að gagni yrði, þá vill nefndin þó taka eitt atriði inn í frumvarpið, sem mætti koma fátækasta fólki að nokkru gagni, ef næði fram að ganga. Nefndin vill sem sje leggja til, að hverju sýslu- og bæjarfjelagi á landinu sje gefinn kostur á að fá fyrir ákveðið verð sem svarar  $\frac{1}{3}$  af þeim kolum, sem þarf til hitunar og eldsneytis í heimilisþarfir, samkvæmt skýrslu, sem hjer er prentuð sem fylgiskjal aftan við nefndarálitíð. Sýnir sú skýrsla, að til heimilisþarfa þarf á komandi vetri ca. 8400 tonn af kolum, og verður  $\frac{1}{3}$  af því 2800 tonn. Svo leist sem ekki gæti það að gagni komið, ef þau yrðu seld dýrar en 125 kr. tonnið, og varð sú niðurstaðan, að þetta gæti þó því að eins komið að verulegu gagni fyrir fátæklingana, að sveitar- og bæjarfjelögum væri gefin heimild til að setja tvö verð á kol þessi, þ. e. selja nokkuð undir, og tilsvarandi yfir þessu verði — eftir efnum og ástæðum kaupanda, en ekkert á þau leggja. Ætlast er til, að kolin, sveitinni

að kostnaðarlausu, sjeu flutt á sem hentugasta staði í kauptún landsins og kaupstaði.

Hversu mikið þessi ráðstöfun, að setja á kolin þetta verð, kostar landsjóð, er ekki hægt að segja með vissu, en von er um að það, að viðbættum flutningskostnaði, fari ekki fram úr 100 krónum á smálest, sem landssjóður þarf að greiða, og ekki er útlit fyrir, að það verði yfir 200 krónur á smálest, ef nokkur kol koma hingað á annað borð.

Um aðrar breytingartillögur nefndarinnar skal tekið fram, að nefndinni þótti varhugavert, að aðrir en sveitarstjórn sú, er hlut á að máli, eigi að dæma um það, hvort þörf er á lánveitingu eða ekki til einstakra manna, en til þess að geta veitt slík lán þarf hún að geta krafist að fá lán hjá stjórninni, þegar hún (sveitarstjórnin) álitur þess þörf. Svo sjer nefndin ekki, hvað meint er með því, að neyðin eigi að vera sýnileg, og finst það ákvæði óþarft. Þá vill nefndin láta ákveða vaxtagreiðslu 4% af lánnum þeim, sem stjórnin veitir, og að þau endurgreiðist með jöfnum greiðslum á 13 árum, og verður þá ársgreiðsla 100 krónur af þúsundi í afborgun og vexti, eða nákvæmlega reiknað 100 kr. 14 aur., en nefndin áleit rjett að sleppa þessum aurum. Vextir greiðast ekki fyr en 2 árum eftir ófriðarlok, eins og gert er ráð fyrir í frumv.

Í samræmi við ofanritað hefir nefndin borið fram 3 fyrstu breytingartillögurnar hjer á eftir við 1. gr., og væntir nefndin, að háttv. deild vilji samþykkja frumvarp þetta með þeim breytingum og viðaukum, sem nefndir hafa verið.

#### BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr., 1. málsgrein:

Í stað orðanna »almennri neyð ... matvælaskorti« komi:  
verulegri neyð, að dómi sveitarstjórna, af dýrtíð og matvælaskorti.

2. Við 1. gr. 2. málsgrein:

Í stað orðanna »10 árum frá þeim tíma« komi:  
13 árum frá þeim tíma, með 10% árlegri greiðslu af hinni upprunalegu lánsupphæð.

3. Við 1. gr., 3. málsgrein:

Orðin »og hvergi ..... sýnileg« falli burt.

4. Við 2. gr. Á eftir þeirri grein komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Landsstjórninni veitist heimild til að selja bæjarstjórnnum og sýslunefndum 2800 smálestir af kolum á 125 kr. lestina á staðnum, þar sem kolunum er skipað á land í sýslunni eða kaupstaðnum. Skiftist kolaforði þessi niður á sýslu- og bæjarfjelög þannig, að hvert þeirra fái við þessu verði sem næst þriðja hluta af kolaforða þeim, er talinn verður nægja þeim næsta vetur til heimilisnotkunar. Verðmunurinn greiðist úr landssjóði.

Sýslu- og bæjarfjelög selja kol þessi aftur, án hagnaðar, þeim er helst þurfa hjálpar með, og má vera mismunandi verð á þeim eftir ástæðum kaupanda.

Alþingi, 10. september 1917.

Jóh. Jóhannesson,  
formaður.

Karl Einarsson,  
ritari.  
M. J. Kristjánsson.

Guðjón Guðlaugsson.

Fylgiskjal.

Eftirrit.

### Skýrsla

um kolapörf á Íslandi veturinn 1917 og 1918, eftir skýrslum sýslumanna.

	Heimanot	Skólar	Samtals	Athugas.
	kg.	kg.	kg.	
Reykjavík .. ... ..	3668000	332000	4000000	
Gullbr.- og Kjósars. og Hafnarfj..	1430000	40000	1470000	
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla ... ..	122000	50000	172000	
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla..	35000	15000	50000	
Dalassýsla ... ..	4000	2000	6000	
Barðastrandarsýsla .. ... ..	268000	18400	286400	
Ísafjarðarsýsla og kaupstaður... ..	472500	97500	570000	
Strandasýsla ... ..	42000	»	42000	
Húnavatnssýsla ... ..	122000	25000	147000	
Skagafjarðarsýsla ... ..	105140	27000	132140	
Eyjafjarðarsýsla og Akureyri ... ..	300000	100000	400000	
Pingeyjarsýsla... ..	12250	»	12250	Smíðakol
Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður..	470000	30000	500000	
Suður-Múlasýsla ... ..	839500*	41500	881000	
Skaftafellssýsla ... ..	26212	10000	36212	{Skiftingin lætluð
Rangárvallasýsla ... ..	14935	1100	16035	
Árnessýsla ... ..	90000	10000	100000	
Vestmannaeyjasýsla.. ... ..	340000	10000	350000	
	8361537+	809500=	9171037	

Matvælahagstofan, 31. ágúst 1917.

Hjediinn Valdimarsson.

\*) Par af 6000 til sjúkrahúsa.